GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðarstöðvarverði mjólkur, auk þess er:

- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi ..... kr . 1.000
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds ..... " 2.000
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla ..... " 4.800
- viðbótargjald á holdanautasæðingu ..... " 900

2. gr.

Ýmiskonar útseld vinna eða sérhæfð þjónusta og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki s.s. áætlanagerð, matsgerðir, umsóknir, vottorð, mælingar og fleiri verkefni er undir lögin falla, tímagjald allt að kr. 4.500

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. júlí 2003.

F. h. r.
Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.